



Vestmannaeyjar, 20.11.2025

Aðdragandi

Bókun fræðsluráðs

202309120 – Gjaldskrá leikskóla

Framhald af 5. máli 385 fundar ráðsins. Lagt er til að skipaður verði starfshópur til að vinna að breytingum á gjaldskrá leikskóla og að vinnudegi barna. Í hópnum verði, framkvæmdarstjóri stjórnsýslu – og fjármálasviðs, deildarstjóri fræðslu og uppeldismála, sem verður jafnframt formaður hópsins, formaður fræðsluráðs og einn bæjarfulltrúi frá hverjum lista sem á sæti í bæjarstjórn. Einnig verði óskað eftir tilnefningu í hópinn frá fulltrúa leikskólastjórnenda, fulltrúa starfsmanna leikskóla og fulltrúi foreldra. Hópurinn mun kalla til sín hagaðila eins og þurfa þykir.

Starfshópur

Starfshópurinn var skipaður níu fulltrúum og eru þeir eftirfarandi:

- Aníta Jóhannsdóttir, formaður fræðsluráðs
- Drífa Gunnarsdóttir, framkvæmdarstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
- Eyja Bryngeirsdóttir, fyrir hönd leikskólastjórnenda
- Heba Dögg Jónsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna
- Helga Jóhanna Harðardóttir, bæjarfulltrúi
- Helga Sigrún Í. Þórsdóttir, deildarstjóri fræðslu- og uppeldismála og formaður starfshóps
- Hildur Sólveig Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi
- Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri
- Sigríður Diljá Magnúsdóttir, fyrir hönd starfsmanna leikskóla

Starfshópurinn fundaði 8 sinnum á tímabilinu september 2024 – október 2025 ásamt því að rýna í gögn milli funda. Sérstaklega var litið Kópavogsmóðelsins við vinnu hópsins en útfærslur hjá öðrum sveitarfélögum einnig skoðaðar. Þessi skýrsla var unnin í framhaldi af vinnu hópsins.

Tilgangur og markmið

Tilgangurinn var að endurskoða gjaldskrána og ramma leikskólastarf með það að markmiði að:

- Styttu vinnudag barnanna með velferð og vellíðan þeirra að leiðarljósi. Stytttri vinnudagur barna ætti að hafa jákvæð áhrif á skólastarfið og minnka álag á börnin á hverri deild. Á síðastliðnum árum hafa orðið talsverðar breytingar á vinnutíma fólks vegna nýrra ákvæða í kjarasamningnum. Má þar helst nefna vinnutímastyttingu, 36 stunda vinnuviku og aukinn orlofsrétt hjá opinberum starfsmönnum. Samfélagið og vinnumarkaðurinn er smám saman að breytast á þann veg að foreldrar hafa aukinn sveigjanleika í starfi til að

stytta viðveru barna sinna í leikskólum. Þar með skapast tækifæri til að auka samverutíma fjölskyldunnar.

- Efla faglegt starf og búa til gott námsumhverfi. Undirbúningstímum leikskólakennara og háskólamenntaðra starfsmanna hefur fjölgað og er forsenda faglegs skólastarfs og góðs námsumhverfis. Stytttri dvalartími barna skapar svigrúm fyrir starfsfólk til að sinna undirbúningi skólastarfs á þeim tímum innan dagsins sem fæst börn eru í skólanum. Horft verður til þess að skipulagt nám í leikskólastarfi fari fyrst og fremst fram á milli kl: 9:00-15:00 þó svo að faglegt starf í gegnum leik og starf sé í forgrunni allan opnunartíma leikskóla.
- Efla velferð starfsfólks með bættu starfsumhverfi og traustara skipulagi. Mikilvægt er að draga úr álagi á starfsfólk, draga úr mönnunarpörf ásamt því að tryggja fullnægjandi viðveru starfsfólks með börnum. Horft er til styttri vinnuviku og undirbúningstímanna í því skyni. Áfram verður notast við ákveðna skráningardaga í leikskólunum þar sem forráðamenn þurfa að skrá börnin sín sérstaklega ætli þeir sér að nýta þjónustu leikskólans á þessum dögum. Þannig er hægt að hafa áhrif á starfsumhverfi og auðveldar það fyrirsjáanleika varðandi undirbúning starfsfólks og mæta 36 stunda vinnuviku. Það ætti að minnka álag á börn og starfsfólk og jafnframt skapa meiri ró og stöðugleika.
- Auka faghlutfall en samkvæmt lögum um leikskóla á hlutfall leikskólakennara að vera 67%. Með breyttu starfsumhverfi má ætla að starfið verði meira aðlaðandi og auki líkur á að faglærðir sækji í kennslu í leikskólum bæjarins.
- Kostnaður vegna rekstur leikskóla hefur farið hratt vaxandi á undanförunum árum samhliða aukningu á leikskólarýmum og eflingu gæða leikskólastarfs.

Nettókostnaður leikskóla og aukning á dvalargildum:

	Nettókostnaður leikskóla í V.M.	Dvalargildi
2019	476,7 m.kr.	23.608
2020	537 m.kr.	23.678
2021	588,5 m.kr.	22.250
2022	659,1 m.kr.	24.433
2023	775,7 m.kr.	26.573
2024	882,2 m.kr.	28.974

Hlutdeild foreldra í kostnaði er misjafn eftir leikskólum og aldri barna. Sem dæmi greiða foreldrar barna í 5 ára deild ekki fyrir fyrstu 7 klst. Foreldrar barna frá 12 – 18 mánaða greiða hærra leikskólagjald en aðrir foreldrar. Kostnaður á heilsdagsgildi er að meðaltali 3,6 milljónir á ári og hlutdeild foreldra af því er 8,3% eða 302 þúsund. Foreldrar greiða því mjög lítinn hluta af raunkostnaði. Á síðustu sex árum hefur hlutdeild foreldra af heildarkostnaðinum farið úr því að vera nærri 15,8% af heildarkostnaði í um 8,3% að meðaltali árið 2024.

Hlutdeild foreldra af heildarkostnaði (meðaltal):

2019 = 15,8% 2020 = 13,2% 2021 = 12,4% 2022 = 10,3% 2023 = 7,6% 2024 = 8,3%

Áskoranir

- Langur vinnudagur hjá börnum
- Vinnutímastytting starfsfólks leikskóla (36 stunda vinnuvika)
- Fjölgun orlofstíma
- Fjölgun undirbúningstíma
- Fjöldi fagfólks í leikskólum Vestmannaeyjum er 46%, þar af er fjöldi starfsmanna með leyfisbréf til kennslu 30%.
- Starfsumhverfið
- Mikill og vaxandi rekstrarkostnaður

Staðan

Raunmæting og keyptir tímar:

- Keyptir dvalartímar allra leikskólabarna í Vestmannaeyjum samkvæmt skráningu í Karellen desember 2024:

Keyptir dvalartímar	Fjöldi barna
4 – 4,75	0
5 – 5,75	1
6 – 6,75	14
7 – 7,75	78
8 – 8,5	154
9	15

- Sérstakt skráningarátak var sett af stað hjá starfsfólki leikskólanna til að sjá raunmætingu barna í leikskólum frá september til október 2024. Hér í töflunni að neðan má sjá meðaltíma barnanna í leikskólum á dag og keypta dvalartíma:

Raunmæting barna í leikskólum	Keyptir dvalartímar barna í leikskólum
M: 6,66	M: 7,62
*Ef börn í Víkinni ekki talin með M= 6,75	*Ef börn í Víkinni ekki talin með M= 7,5

Undirbúningstími starfsfólks:

Breytingar á undirbúningstímum starfsmanna milli kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands 2015-2019 og 2023-2024. Einnig voru gerðar breytingar samhliða kjarasamningi KÍ og SÍS 25. febrúar 2025:

- Lágmarks undirbúningstími leikskólakennara og háskólamenntaðra starfsmanna fór úr **4 klst. á viku í 7 klst. á viku** miðað við fullt starf.

- Lágmarksundirbúningstími deildarstjóra og annarra starfsmanna sem sinna deildarstjórn og leikskólasérkennara fór úr **5 klst. á viku í 10 klst.** á viku miðað við fullt starf.
- Aðstoðarleikskólakennarar og háskólamenntaðir starfsmenn með aðra uppeldisfræðimenntun en kennara fór úr **2 klst.** undirbúningstíma á viku í **4 klst.** miðað við fullt starf (**8 klst** ef þeir sinna deildarstjórn eða sérkennslu).

Með kjarasamningi 2023-2024 bættist einnig við:

- Lágmarks undirbúningstími sérgreinastjóra með leyfisbréf leikskólakennara / kennara og verkefnastjóra með leyfisbréf leikskólakennara / kennara skal vera **10 klst. á viku** miðað við fullt starf frá og með 1. október 2020.
- Lágmarks undirbúningstími háskólamenntaðra sérgreinastjóra og verkefnastjóra, sem eru með aðra uppeldisfræðimenntun en kennarar og Háskólamenntaðir starfsmenn sem eru ekki með uppeldisfræðimenntun er **5 klst. á viku** miðað við fullt starf frá og með 1. október 2020.
- Háskólamenntaðir starfsmenn sem ekki eru með uppeldisfræðimenntun skulu hafa að lágmarki **2 klst. undirbúningstíma á viku** miðað við fullt starf.
- Háskólamenntaðir starfsmenn sem ekki eru með uppeldisfræðimenntun en sinna deildarstjórn hafa að lágmarki **8 klst. í undirbúningstíma á viku.**

Með þessum breytingum má sjá verulega aukningu á undirbúningstímum starfsfólks í leikskólum. Þess má geta að undirbúningstími er ætlaður til að sinna fjölbreyttum verkefnum, svo sem starfsáætlanagerð, undirbúningi starfs með börnum, viðtalstímum með foreldrum, handleiðslu og skráningum (Kjarasamningur SÍ og KÍ vegna Félags leikskólakennara 2020–2021).

Tillögur starfshóps:

- **30 tímar á viku verða gjaldfrjálsir**
Forráðamenn greiða þá fyrir umframtíma og fæði samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni. Miðað er við heila vinnuviku.
- **Lágmarks dvalartími á dag sem barn mætir er 4 klukkustundir**
Foreldrar/forsjáraðilar hafa þannig ákveðið svigrúm til að skrá mismunandi dvalartíma fyrir hvern dag vikunnar.
- **Aukið verði við sveigjanleikann**
Forráðamönnum gert kleift að kaupa viðbótartíma einstaka daga innan mánaðar.
- **Skráður dvalartími barns getur ekki hafist seinna en klukkan 09:00**
- **Opnunartíminn milli kl. 7:30-7:45 og 16:15-16:30**
Miðast verður við að ekki séu færri en fjögur börn skráð í vistun. Séu færri en fjögur börn skráð opnar leikskólinn 07:45 og lokar klukkan 16:15.
- **Skrá þarf vistun barns sérstaklega eftir kl. 14:00 á föstudögum**
Foreldrar sem þurfa á að halda geta áfram sótt um viðbótartíma en sækja þarf um tímann fyrir 17. hvers mánaðar hjá leikskólastjóra.
- **Skráningardagar í leikskólum Vestmannaeyja**
Forráðamenn sækja um vistun á skráningardögum og er greitt sérstaklega fyrir þá daga. Skráningardagar verða skráðir sérstaklega í skóladagatali en þeir verða t.d. í dymbilviku, milli jóla og nýárs og í vetrarleyfi grunnskóla. Starfsemi á skráningardögum verður útfærð af skólaskrifstofu og stjórnendum leikskólanna. Skráningardagar gefa starfsfólki svigrúm til að nýta styttingu vinnuviku og taka út orlofsdaga sem það á inni.

Breytingar verði gerðar á gjaldskrá:

- Í dag greiða foreldrar 8% af raunkostnaði leikskólagöngu barna sinna en stefnt verður að því að þeir greiði 16%. Þessi breyting verður gerð á 3 árum. Gera þarf ráð fyrir að prósentan hækki allt að 3% á ári. Sjá gjaldskrá aftast í skýrslu.
- Viðmiðunarmörk á tekjutengdum afslætti hækka. Tekjumörk hækka úr 830.000 kr í 920.000 kr. Það þýðir að fleiri fjölskyldur geta nú sótt um tekjutengdan afslátt þar sem tekjumörkin hækka um 10,8%.

Næstu skref

- Kynning fyrir fræðsluráð
- Boða foreldrafélög/foreldraráð á fund til að fara yfir tillögurnar
- Boða fulltrúa stéttarfélaga á fund til að fara yfir tillögurnar
- Kynning fyrir foreldra og hagsmunaaðila

Starfshópurinn leggur til að þessar tillögur verði til prufu til eins árs.

Gjaldskrá leikskóla Vestmannaeyja 1. janúar 2026

Fæðisgjöld

	Fæðisgjöld
Morgunverður:	2.310 kr
Hádegisverður	7.513 kr
Síðdegishressing:	2.310 kr

Fullt fæði

12.133 kr

Ekki er veittur afsláttur af fæðisgjöldum

Almennt gjald

Dvalarstundir	Gjald án fæðis
4,0	-
4,5	-
5	-
5,5	-
6	-
6,5	24.317 kr
7	26.188 kr
7,5	28.058 kr
8	29.929 kr
8,5	37.120 kr
9	46.051 kr

Almennt gjald 12-18 mánaða

Dvalarstundir	Gjald án fæðis
4,0	26.149 kr
4,5	29.418 kr
5	32.686 kr
5,5	35.955 kr
6	39.223 kr
6,5	42.492 kr
7	45.761 kr
7,5	49.029 kr
8	52.298 kr

Sótt of seint:	1.110 kr
Sótt eftir lokun:	2.582 kr
Skráningardagar:	2.425 kr

Afslættir

Tekjutengur afsláttur:

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af leikskólagjöldum og gjöldum frístundar (sjá reglur). Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi. Endurnýja þarf afslátt fyrir 15. ágúst ár hvert.

Systkinaafsláttur:

Foreldrar með börn í leikskóla og/eða frístund geta sótt um systkinaafslátt. Greitt er fullt gjald fyrir eitt barn, 50% fyrir annað barn og gjald fyrir þriðja barn og fleiri fellur niður. Systkinaafsláttur er bundinn við að börn séu skráð á sömu kennitölu forráðamanns og með sameiginlegt lögheimili. Afsláttur gildir af lágsta gjaldi. Athugið að til þess að fá systkinaafslátt þarf greiðsla umfram fæðisgjalda að vera innt af hendi fyrir bæði börn.

Ekki er hægt að fá tvöfaldan afslátt, þ.e. tekjutengdan afslátt og systkinaafslátt.

Afslátturinn er af dvalargjaldi, ekki af fæðisgjaldi.

Skráningardagar:

Á skráningardögum er vistun valkvæð og leikskólagjöld felld niður fyrir þá daga sem barnið er í frí. Ef óskað er eftir vistun fyrir barn á þessum dögum þarf að **skrá það sérstaklega** og greiða skráningargjald fyrir þá daga. Leikskólarnir verða opnir öllum þeim sem þurfa á þjónustunni að halda.